

Viðurkenning Lífsbrúar 2025 – liðsheild

Geðgjörgæsla Landspítalans hlýtur viðurkenningu Lífsbrúar árið 2025.

Geðgjörgæslan, 32C, er 10 rúma legudeild sem þjónar öllu landinu. Þar er veitt sérhæfð meðferð og umönnun fyrir einstaklinga með alvarleg geðræn einkenni. Legutími er breytilegur, allt frá því að vera nokkrar klukkustundir og upp í nokkra daga. Þegar gjörgæslumeðferð lýkur halda flestir sjúklingar meðferð sinni áfram á annarri deild innan geðþjónustunnar.

Á geðgjörgæslunni er unnið eftir hugmyndafræði um öruggar sjúkradeildir: “Safe wards” sem felur í sér heildræna umgjörð hjúkrunar og stjórnunar á geðdeildum. Hugmyndafræðin er til þess fallin að draga úr árekstrum og þvingandi úrræðum með því að styðja við skipulag, teymisvinnu, umhverfi, þekkingu, stuðning, upplýsingaflæði og fagleg vinnubrögð.

[Myndband um deildina sem er aðgengilegt á vef Landspítalans](#)

Á deildinni er stöðugt hugað að umbótum og framþróun þjónustu. Lögð er áhersla á þverfaglega teymisvinnu. Frá því myndbandið var gert hefur sálfræðingur bæst við teymið og ráðgert er að ráða inn jafningja í teymið í haust.

Rökstuðningur í einni af tilnefningunum: „Starfið á geðgjörgæslunni er gott og liðsandinn góður. Á geðgjörgæsluna koma alvarleg tilfelli og starfsfólkið þar starfar við krefjandi aðstæður að því að styðja einstaklinga í átt að betri líðan.“

Það eru þær Jóhanna Guðmunda Þórisdóttir, deildarstjóri geðgjörgæslunnar, og Ísafold Helgadóttir, yfirlæknir deildarinnar, sem taka við viðurkenningunni fyrir hönd teymisins.